

**Borgarstjórn**  
**20. nóvember 2018**

## **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að rými fyrir vímuefnaneytendur verði sett á laggirnar í miðbænum**

Lagt er til að komið verði á laggirnar rými í miðbænum þar vímuefnanotendur sem sprauta sig geta komið í hreint og öruggt athvarf og fengið hreinan sprautubúnað, aðgang að heilbrigðisþjónustu og jafnframt aðra aðhlynningu sem þeir þarfnast. Rými sem hér um ræðir yrði, ef til kæmi, er samstarfsverkefni heilbrigðisráðuneytisins, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins í Reykjavík. Heilbrigðisráðuneytið hefur eyrnamerkt 50-60 milljónir í uppsetningu á rými af þessu tagi fyrir vímuefnaneytendur í Reykjavík og er hlutverk Reykjavíkurborgar að finna húsnaði sem hentar starfseminni, innréttu húsnaðið og sjá um rekstur á húsnaðinu. Gott væri að gera það í samvinnu við Frú Ragnheiðar verkefnið hjá RkR, en starfsfólkið þar þekkir markhópin vel og þarfir hans. Að svo stöddu er hópur af einstaklingum sem notar vímuefni í æð utandyra og á almenningsstöðum í Reykjavík. Þessi hópur hefur engan stað til að vera á og algert úrræðaleysi ríkir í málefnum hans. Mjög brýnt er að opnað verði rými í Reykjavík til að þjónusta þennan afar viðkvæma hóp, með skaðaminnkun og mannúð að leiðarljósi.

### **Greinargerð**

SÁÁ og Rauði krossinn í Reykjavík áætla að um 500-600 einstaklingar noti vímuefni í æð á hverjum tíma á Íslandi. Langflestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu, sér í lagi Reykjavík og er hluti þeirra heimilislaus. Rými eða „neyslurými“ eins og það er oft kallað er skilgreint sem lagalega verndað rými þar sem einstaklingar sem nota vímuefni um æð geta komið og notað vímuefni á öruggan máta þar sem fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna er gætt. Í rýminu starfar sérhæft starfsfólk eða heilbrigðismenntaðir einstaklingar sem hafa það hlutverk að bregðast við bráðaaðstæðum ef þær skapast. Rýmin eru skipulögð með þarfir markhópsins í huga og veita samþætta lágþröskuldþjónustu. Jafnframt er lögð áhersla á að veita skjólstæðingum skaðaminnkandi samtöl, sálrænan stuðning og aðstoða skjólstæðinga við að komast í meðferðir og önnur úrræði inna heilbrigðis- og félagslega kerfisins.

Um 100 rými af þessu tagi eru starfrækt í heiminum í dag í yfir 10 löndum, þar á meðal í Danmörku, Noregi, Þýskalandi, Kanada og Ástralíu. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á marktækan árangur þeirra. Í dag er þetta úrræði hluti af gagnreyndum aðferðum þegar kemur að vímuefnavanda í heiminum. Ávinningur er samfélagslegur, fjárhagslegur og persónulegur. Samfélagslegi ávinningurinn er meðal annars sá að það verður minna af notuðum sprautum og nálum eftir á almenningsstöðum og á götum borga sem hafa þetta úrræði.

Fjárhagslegi ávinningurinn er meðal annars fólgin í styttri innlögnum á sjúkrahúsum vegna þess að rýmin bjóða upp á heilbrigðisþjónustu og með henni er hægt að grípa mun fyrr inn í heilsufarsvanda fólks. Jafnframt er dregið úr nýgengi á HIV og lifrabólgu C meðal þeirra sem nota vímuefni í æð. En árlegur kostnaður af HIV lyfjameðferð fyrir einn einstakling er um 2 milljónir á ári og lyfjameðferð fyrir einn einstakling í lifrabólgu C meðferðinni (3 mánuðir) er um 6 milljónir.

Persónulegi ávinningurinn er fólgin í bættri líkamlegri og andlegri heilsu hjá einstaklingum en þeir einstaklingar sem eru í virkri vímuefnanotkun um æð eru yfirleitt bæði líkamlega og andlega veikari en þeir sem glíma við annars konar vímuefnavanda.

Hér á landi er talið að um 20-40 einstaklingar deyi árlega vegna efnaeitrana eða ofskömmtnar á vímuefnum. Slík tilfelli eru færri erlendis þar sem boðið er upp á aðstöðu sem þessa. Ástæðan fyrir því er að á staðnum er sérþjálfað starfsfólk sem grípur inn í og bjargar mannlífum. Erlenlis er einnig gott samstarf við lögreglu og er lögreglan einn af helstu tilvísunaraðilum í rýmin í Danmörku og Noregi. Það er sérlega mikilvægt fyrir lögregluna að geta vísað vímuefnanotendum í úrræði sem þjónustar þann hóp faglega.

Skaðaminnkunarúrræði eru tiltölulega ný af nálinni á Íslandi en með komu Frú Ragnheiðar, nálaskipta- og heilbrigðisþjónustu Rauða krossins í Reykjavík sem er á höfuðborgarsvæðinu, hafa orðið framfarir í lýðheilsu í samfélaginu og þjónustu við þennan viðkvæma hóp. Ávinningurinn er mikill. Enn er þó þörf á frekari úrræðum fyrir þennan hóp. Akureyri hefur nú svarað kallinu þar sem nálaskiptaþjónustan Ungfrú Ragnheiður hóf störf í byrjun þessa árs og er á vegum Rauða krossins.

### **Húsnæðið**

Mikilvægt er að staðsetning rýmis sem hér er rætt um sé þar sem flestir einstaklinganna í markhópnum eru. Rannsóknir sýna að einstaklingar telja það hindrun að þurfa að ferðast langar leiðir til að komast í aðstaður sem þessar. Því er mikilvægt að staðsetja rýmið miðsvæðis í Reykjavík, þar sem flestir í markhópnum halda sig og þar eru einnig langflest úrræði fyrir markhópinn. Jafnframt kom fram í rannsókn sem Svala Jóhannesdóttir (verkefnastýra Frú Ragnheiðar) gerði að flestir þátttakendur (n:47) vildu að rýmið yrði í 101 Reykjavík og þar næst á eftir kom 105 Reykjavík. Varðandi ákveðna staðsetningu í 101 Reykjavík, þá telur Rauði krossinn í Reykjavík að best væri að rýmið yrði einhvers staðar á milli Gistiskýlisins og Konukots og ekki langt frá Hlemmi til að auðvelda aðgengið að úrræðinu fyrir þá sem eru ekki miðsvæðis.

Rauði krossinn í Reykjavík (RkR) telur það afar mikilvægt að úrræðið verði í sérhúsnæði. Í húsnæði þar sem önnur úrræði fyrir markhópinn eða heimilislausa einstaklinga verði ekki til staðar. Ástæðan fyrir því er að reyna að tryggja að allir innan markhópsins geti nýtt sér úrræðið. Reynslan úr Frú Ragnheiði hefur sýnt að hluti af markhópnum vill ekki nýta sér neyðarathvörfin (Gistiskýlið, Konukot) og vill heldur ekki vera nálægt þeim vegna þess að þau vilja ekki hitta gesti athvarfanna af hinum ýmsu ástæðum. Einnig telur RkR mikilvægt að hugað verði sérstaklega að konum innan markhópsins og reynt að auðvelda þeim aðgengi að rýminu (áfallamiðuð og kynjamiðuð nálgun). Í ljósi þess væri ekki vænlegt að hafa rýmið í húsnæði þar sem önnur starfsemi fyrir markhópinn væri eins og neyðargisting fyrir karlmenn eða dagsathvarf.

RkR telur að stærð húsnæðisins þyrfti að vera á milli 150-200 fermetrar og mikilvægt er að húsnæðið verði með aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga. Varðandi frekara skipulag á húsnæðinu þá hefur RkR útlistað slíkt.